



Faghópur IV

Fundargerð 7. fundar, Orkustofnun 3. júní 2009, kl. 14:00

Mættir: Guðni A. Jóhannesson, Guðmundur Þóroddsson, Jakob Sigurður Friðriksson og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Forföll: Ómar Örn Ingólfsson

- Fundargerð.** Ekki komu fram athugasemdir um fundargerð síðasta fundar.
- Landsnet:**
 - Borist hefur áætlun (tilboð) frá Landsneti um úttekt á línulögnum vegna virkjunarkosta samkvæmt drögum frá byrjun í maí. Áætlun hljóðar upp á heildarkostað um 11.5 millj. Kr. Þar af „innandyravinna“ um 6.5 millj. Kr og „vettvangsvinna“ um 5 millj. Kr. Þar sem þessi vinna mun nýttast Landsneti er fyrirtækið tilbúið að leggja til 3 millj. Kr. af upphæðinni. Varðandi tímaáætlun er gert ráð fyrir að ljúka 1/3 um miðjan ágúst, öðrum þriðjungi um miðjan sept. Og síðasta þriðjungi um miðjan. Nóv. Loks er kallað eftir áætlun afli þeirra virkjunarkosta þar sem slíkt mat liggur ekki fyrir.
 - Guðni kvað upphæðina falla langt utan við það fjármagn sem rammaáætlun hefur til reiðu og jafnframt að tímaáætlun gengi ekki upp. Hann mun hafa samband við Landsnet og ræða einfaldari og ódýrari útfærslu (í ætt við „innipakkann“) og þrengri tímaramma.
- Virkjunarkostir í Hvítá í Árnassýslu.** Ómar sendi inn á fundinn tillögu sína um hvaða kosti í Hvítá væri rétt að skoða og bæta við lista yfir virkjunarkosti. Tillaga hans er eftirfarandi:

<i>Kostur</i>	<i>Staðsetning</i>	<i>Afl MW</i>	<i>Orka kr kWh/a</i>	<i>Nýting klst./a</i>	<i>Gögn</i>
Gýjarfossvirkjun - Jökulkvísl	Vestan við Blágnípu norðan Kerlingarfjalla	14	101	7114	OS forathugun OS-2006/009
Bláfellsvirkjun – Hvítá, Árn.	Fremstaver sunnan Bláfells	76	536	7053	OS forathugun OS-2006/009
Búðartunguvirkjun - Hvítá	Norðan við Gullfoss, sunnan við Fremstaver	50	360	7200	Samræma þarf orkugetu
Haukholtsvirkjun - Hvítá	Haukholt Hrunamannahreppi	60	358	5967	Samræma þarf orkugetu
Vörðufell – Hvítá	Dæluvirkjun í Vörðufelli á Skeiðum	52	170	3269	Samræma þarf orkugetu
Hestvatnsvirkjun - Hvítá	Við Hestfjall í Grímsnesi	35	200	5714	Samræma þarf orkugetu

Selfossvirkjun - Ölfusá	Selfoss, sunnan við Ölfusárbrú	30	266	8867 ?	Samræma þarf orkugetu
-------------------------	--------------------------------	----	-----	--------	-----------------------

- a. Hugmyndir um Gýjarfossvirkjun og Báfellsvirkjun voru unnar fyrir 1.áfangarammaáætlunar.
- b. Áætlað afl ræðst af miðlun úr Hvítárvatni. Tölunarnar að ofan miðast ekki við hámarksmiðlunarmöguleika heldur taka aðeins mið af niðurdrætti.
- c. Ákveðið var að bæta öllum þessum kostum við fyrirliggjandi drög.

4. Hagkvæmni virkjunarkosta.

- a. Dreift var fyrirliggjandi drögum um virkjunarkosti og gerðar nokkrar athugasemdir um uppsetningu sem bæta skal úr fyrir næsta fund. Enn vantar verulega upp á að fyrir liggi hagkvæmniflokkar einstakra kosta, sérstaklega viðvíkjandi jarðvarma. Þó er ljóst að örðugt verður á áætla afl kosta á lítt rannsókuðum svæðum.
- b. Ein nálgun er að áætla afl háhitasvæða með því að reikna með að hver km² gefi um 10 MW sem talið er varfærið mat.. (Stefán Arnórsson; Grímur Björnsson og Zosimo F. Sarmiento: *Reliability of Early Modeling Studies for High-Temperature Reservoirs in Iceland and the Philippines**). Ákveðið var að falast eftir ráðgjöf Jónasar Ketilssonar, sérfræðingi á Orkustofnun, á næsta fundi.

5. Næsti fundur verður þriðjudaginn 16. júní 2009 kl. 14:00 á Orkustofnun.

* Sjá http://pangea.stanford.edu/ERE/db/IGAstandard/record_detail.php?id=5109 .